

**Umsókn um sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki
fyrir börn á tekjulágum heimilum
skólaárið 2020-2021**

Ég undirrituð/undirritaður sæki hér með um sérstakan íþrótt- og tómstundastyrk. Ég samþykki að afgreiðsla umsóknarinnar fari eftir reglum um íþrótt- og tómstundastyrki.

Óskað er eftir að styrkurinn verði greiddur inn á bankareikning:

Bankanúmer	Höfuðbók	Reikningsnúmer
------------	----------	----------------

Meðfylgjandi er afrit kvittana vegna útlagðs kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf.

Nafn umsækjanda og barns (barna):

Nafn umsækjanda:	Kennitala:
Nafn barns:	Kennitala:
Nafn barns:	Kennitala:
Nafn barns:	Kennitala:
Nafn barns:	Kennitala:

Staður og dagsetning:	Undirritun umsækjanda:
-----------------------	------------------------

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2021 og er miðað við að íþrótt- og tómstundaiðkun fari fram á skólaárinu 2020-2021. Styrkur er ekki veittur til kaupa á íþróttavörum, búnaði vegna íþrótt- og tómstunda eða öðru þess háttar.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Hver er tilgangur vinnslu persónuupplýsinga og hver er grundvöllur hennar?

Sveitarfélaginu Ölfusi er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á og afgreiða umsókn um Íþróttá- og tólmundastyrki.

Vinnslan byggist á lagaskyldu samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Hvaða upplýsingar er unnið með og hvaðan koma þær?

Unnið er með þær persónuupplýsingar sem óskað er eftir samkvæmt umsóknareyðublaði. Þær upplýsingar sem óskað er eftir eru nauðsynlegar til þess að leggja mat á umsóknina.

Umsækjandi sjálfur veitir framangreindar upplýsingar. Afleiðingar þess að veita ekki umbeðnar upplýsingar gætu verið höfnun umsóknarinnar.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar og er þeim miðlað til þriðja aðila?

Ölfus er afhendingaskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Af þeim sökum er sveitarfélaginu óheimilt að eyða gögnum nema með heimild þjóðskjalavarðar. Persónuupplýsingar eru geymdar hjá Ölfusi í þrjátíu ár að hámarki. Að þeim tíma liðnum flytjast öll gögn tengd umsókninni til Héraðsskjalasafns Árnesinga til varðveislu, en heimild til vinnslu í þágu skjalavistunar er samkvæmt 11. tl. 1. mgr. 11. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Að öðru leyti deilir Ölfus persónuupplýsingum þínum ekki til annarra aðila, nema fyrir liggja að sveitarfélaginu sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinga?

Ölfus gætir persónuupplýsinga með víðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Hver eru réttindi þín?

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá, réttar til að andmæla vinnslu og réttar til flytja eigin gögn. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Persónuverndarfulltrúi og kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga

Ef þú hefur frekari spurningar um réttindi þín eða hvernig sveitarfélagið meðhöndlar persónuupplýsingar getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Ölfuss, Dattaca Labs Iceland ehf. Hægt er að hafa samband með því að senda erindi á dpo@dattacalabs.com. Einnig er hægt að hafa samband við Ölfus með því að senda erindi á olfus@olfus.is

Skráðir einstaklingar hafa einnig heimild til að leggja fram kvörtun til Persónuverndar (www.personuvernd.is), dragi þeir í efa að persónuupplýsingar þeirra séu meðhöndlaðar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.